

Föstudaginn 21. maí 1993.

Nr. 369/1991. **Oddbjörg Sigfúsdóttir**  
(Magnús Thoroddsen hrl.)

gegn

**Guðmundi Emil Sæmundssyni**  
(Atli Gíslason hrl.).

Skuldamál. Gjafagerningur. Sönnun.

### **Dómur Hæstaréttar.**

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðrún Erlendsdóttir, Garðar Gíslason og Hjörtur Torfason.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 6. september 1991. Dómkröfur hennar eru um sýknu af öllum kröfum stefnda og að hann verði dæmdur til að greiða henni málskostnað bæði í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjanda.

Vitnamál fór fram eftir uppsögu héraðsdóms hinn 29. janúar 1992. Nokkur ný skjöl hafa verið lögð fyrir Hæstarétt.

Áfrýjandi byggir allsendis á því, að stefndi hafi afhent sér skuldaþréfið til eignar strax eftir fundinn með bankastjóranum föstudaginn 16. febrúar 1990. Bendir hún á því til sönnunar, að stefndi hafi verið í fæði og þjónustu hjá sér allan fyrri helming ársins 1990, frá því að hann kom austur í ársbyrjun, auk þess sem hann hafi haft afnot af síma og bifreið. Enginn fái slíkt ókeypis, og hafi stefndi sönnunarbyrði fyrir því, að svo hafi átt að vera.

Í ljós er leitt, að stefndi fór til Reykjavíkur á Volvo-bifreiðinni S-597, sem skrásett var á nafn áfrýjanda, hinn 24. júní 1990. Hinn 21. ágúst sama ár leitaði áfrýjandi til lögreglunnar í Reykjavík og kærði stefnda fyrir skilasvik vegna bifreiðarinnar og bað um aðstoð lögreglunnar til þess að hafa upp á henni. Nokkrum dögum fyrr, 14. ágúst, hafði Bjarni G. Björgvinsson héraðsdómslögmaður lagt andvirði skuldabréfsins með dráttarvöxtum, samtals 434.823 krónur, inn á tékkareikning áfrýjanda í Búnaðarbankanum á Egilsstöðum.

Til þess að umrædd málsrök áfrýjanda hefðu líkur með sér, þyrfti

að líta svo á, að stefndi hafi afhent henni skuldabréfið 16. febrúar 1990 sem nokkurs konar fyrirframgreiðslu fyrir fæðið og þjónustuna, sem hann ætti í vændum. Enginn hefur borið fyrir dómi, að um slíkt hafi þá verið rætt milli aðila. Áfrýjandi bar reyndar fyrir dómi, að hún teldi ástæður stefnda fyrir gjöfinni hafa verið þær, að hún hafi ætlað að kaupa í sínu nafni íbúð, Bláa húsið í Fellabæ, sem hann hafi ætlað að búa í. Kæra áfrýjanda til lögreglu í ágúst 1990 vegna bifreiðarinnar S-597 og andstæðar yfirlýsingar lögmannna aðila við munnlegan málflutning fyrir Hæstarétti um eignarhald á bifreiðinni gefa til kynna, að í ágúst hafi mál þeirra verið með öllu ófrágengin, þar á meðal varðandi fæðið og þjónustuna. Þegar á allt er litið, verður því ekki talið, að nægar líkur séu fram komnar um, að stefndi hafi afhent áfrýjanda skuldabréfið til eignar, eins og hún heldur fram. Ber því að staðfesta hinn áfrýjaða dóm.

Eftir öllum atvikum er rétt, að málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti falli niður.

#### D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður um annað en málskostnað. Málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti fellur niður.

#### **Dómur aukadómþings Norður-Múlasýslu 27. júní 1991.**

Mál þetta, sem tekið var til dóms að loknum munnlegum málflutningi 20. júní 1991, er höfðað fyrir þinginu með stefnu birtri 31. janúar 1991 og þingfestri 27. febrúar 1991. Greinargerð stefndu var lögð fram 20. mars 1991.

Stefnandi er Guðmundur Sæmundsson, Heiðarbrún 65, Hveragerði, kt. 300452-3619.

Stefnda er Oddbjörg Sigfúsdóttir, kt. 031044-5539, Hamrafelli 3, Fellabæ. Dómkröfur stefnanda eru þessar:

Að stefnda greiði sér 434.823 kr. með dráttarvöxtum skv. auglýsingu Seðlabanka Íslands frá 14. ágúst 1990 til greiðsludags. Þess er krafist, að dráttarvextir leggist við höfuðstól á 12 mánaða fresti, í fyrsta sinn 14. ágúst 1991. Þá er einnig krafist málskostnaðar í samræmi við gjaldskrá LMFÍ og fram lagðan málskostnaðarreikning og að dæmdur málskostnaður beri dráttarvexti skv. lögum nr. 25/1987 frá 15. degi eftir dómsuppsögu til greiðsludags og 24,5% virðisaukaskatt.

Dómkröfur stefndu eru þessar:

Að hún verði sýknuð af öllum kröfum stefnanda og að stefnandi verði dæmdur til að greiða sér málskostnað skv. gjaldskrá LMFÍ og að hann beri vexti fimmtán dögum eftir dómsuppsögu og virðisaukaskatt lögum samkvæmt.

Sátta reyndist ekki auðið.

*Málavextir, málsástæður og lagarök.*

Stefnandi kveður málavexti vera þá, að hann hafi verið eigandi að handhafaskuldabréfi, út gefnu af Guðmundi Emil Hjaltasyni, Reykjavík, 14. 9. 1989. Skuldabréf þetta var að nafnverði 272.511 kr. og var gefið út til greiðslu eftirstöðva söluverðs fasteignarinnar að Jóruseli 15, Reykjavík, og tryggt með 9. veðrétti í fasteigninni, en fasteign þessa hafði stefnandi selt.

Stefnandi kveðst hafa falið Alþýðubanka Íslands hf. að innheimta skuldabréfið fyrir sig. Greiðslufall hafi orðið, og hafi hann þá óskað eftir því, að sér yrði sent bréfið í pósti. Hafi Alþýðubankinn orðið við þeirri ósk, eftir að stefnandi hafi greitt áfallinn bankakostnað. Bankinn hafi sent bréfið í ábyrgðarpósti 12. febrúar 1990 í bréfi, stíluðu á stefnanda, póstbox 52, 700 Egilsstöðum. Hafi ábyrgðarbréfið verið stílað á póstboxið að fyrir-mælum stefnanda, enda bjó hann þá á sameiginlegu heimili stefndu og Bjarna Ó. Pálssonar og var í vinnu hjá Bjarna.

Það hafi síðan verið 15. febrúar 1990, að stefnda fór á pósthúsið á Egilsstöðum, kvittaði þar fyrir og tók á móti ábyrgðarbréfi þessu. Stefnda hafi opnað umslagið, og daginn eftir, 16. febrúar 1990, hafi hún farið með skuldabréfið á skrifstofu Bjarna Björgvinssonar hdl. á Egilsstöðum og óskað eftir aðstoð við innheimtu þess. Lögmaðurinn hafi gefið stefndu kvittum fyrir móttöku bréfsins.

Eins og áður segir, var skuldabréfið veðtryggt í fasteigninni Jóruseli 15, Reykjavík, og þegar fasteignin hafi verið seld á uppboði, hafi lögmaðurinn lýst kröfum í uppboðsandvirðið. Uppboðshaldari hafi síðan greitt andvirði bréfsins til lögmannsins, og skilaði hann því til stefndu, þar sem hún hafi ekki á nokkurn hátt gert honum grein fyrir því, að hún ætti ekki bréfið.

Stefnda hafi því mótttekið ábyrgðarbréf til stefnanda, farið með skuldabréfið í innheimtu og mótttekið til eigin nota andvirði þess, allt án nokkurs umboðs eða heimildar frá stefnanda.

Stefnandi hafi, þegar honum varð þetta ljóst, talað við stefndu, en hún hafi neitað að skila andvirði bréfsins. Hann hafi þá leitað til lögmanns um aðstoð. Lögmaður hans hafi sent innheimtubréf 16. október 1990, en því var svarað að hálfu lögmanns stefndu, þar sem segir meðal annars efnislega, að stefnda telji sig hafa verið eiganda skuldabréfsins og neiti að afhenda andvirði þess.

Stefnandi hefur mótmælt því, að hann hafi nokkurn tíma gefið stefndu skuldabréfið, og telur, að stefnda beri alla sönnunarbyrði fyrir því, að stefnandi hafi afsalað eða framselt umrætt skuldabréf til hennar.

Stefnandi hefur einnig mótmælt því, að Bjarni Pálsson geti borið vitni um orðaskipti aðila máls þessa, þar sem hann sé eða hafi verið sambýlismaður stefndu.

Stefnandi hefur haldið því fram, að hann hafi gert athugasemdir, strax og honum varð ljóst, að stefnda hafði dregið sér andvirði skuldabréfsins til að nota það í eigin þágu. Með því að móttaka andvirði skuldabréfsins og hagnýta sér það í eigin þágu hafi stefnda vísitandi og með ólögnum hætti valdið stefnanda tjóni, sem hún beri fulla skaðabótaábyrgð á.

Stefnandi hefur haldið því fram, að skuldabréf þetta og andvirði þess nú sé eign sín og að málsókn þessi miði að því, að hann endurheimti réttmæta eign sína og verði eins settur og ef hann hefði fengið andvirði bréfsins greitt.

Um fjárkröfur sínar hefur stefnandi vísað til reglna skaðabótaréttar og þá sérstaklega til almennu skaðabótareglunnar. Auk þess er vísað til laga-reglna um ólögmeta töku fjármuna og auðgun. Er málsókninni ætlað að knýja stefndu til að láta af ólögumætri háttsemi og gera stefnanda eins settan og verið hefði, ef stefnda hefði ekki tekið sér fjármuni, sem stefnandi var réttur eigandi að.

Stefnda kveður málavexti vera þá, að hún hafi nálgast ábyrgðarbréf á nafni stefnanda í pósthólf Bjarna Ó. Pálssonar á pósthúsinu á Egilsstöðum. Það hafi hins vegar ekki verið í fyrsta skipti og ekki án vitundar stefnanda, því að hún hafi haft það hlutverk m. a. að ná í póst fyrir Bjarna Ó. Pálsson hf., en hjá því fyrirtæki starfaði stefnandi. Hafi stefnandi gefið Pósti og síma fyrirmæli um að senda póst hans þangað.

Eftir að stefnda hafi náð í bréf þetta, hafi hún afhent það til stefnanda, en hann hugðist nota það til að kaupa svokallað „Bláa hús“, sem er í Fellabæ.

Í því skyni hafi aðilar máls þessa farið 16. febrúar 1990 saman til bankastjóra Búnaðarbankans á Egilsstöðum, Sigurjóns Jónssonar. Hafi hann verið beðinn að skoða, hvort bankinn gæti ekki keypt bréfið. Á þessum tíma hafi bréfið verið í vanskilum frá 15. september 1989, og meðal annars þess vegna hafi bankinn ekki haft áhuga á að kaupa bréfið, en bankastjórinn benti aðilum málsins á að setja það í innheimtu.

Stefnandi hafi talið þýðingarlaust að setja bréfið í innheimtu, þar sem húsið, sem veðsett væri, væri yfirveðsett og bréfið því haldlítill pappír. Stefnda hafi hins vegar talið ráðlegt að innheimta bréfið. Það hafi verið þá, sem stefnandi hafi sagt, að hún mætti reyna það og eiga bréfið, ef eitthvað kæmi út úr því. Að þessu samtali hafi verið vitni, Bjarni Pálsson,

samstarfsmaður stefnanda. Hefur stefnda sagt, að hún hafi litið svo á, að með því að gefa sér skuldabréfið hafi stefnandi verið að greiða sér fyrir það, að hann bjó á heimili hennar í sex mánuði og þáði þar fæði, auk þess sem hún þvodi af honum þvott, og fékk einnig bifreið hennar til eigin nota.

Við flutning málsins lýsti lögmaður stefndu yfir því, að hann félli frá því að gera hugsanlega kröfu stefndu um greiðslu fyrir húsnæði, fæði og not stefnanda af bifreið stefndu að málsástæðu. Þess sé einungis getið í greinargerð um lýsingar á málsvöxtum. Málsástæður stefndu eru þær, að hún sem handhafi umrædds skuldabréfs hafi verið eigandi þess og andvirðisins, er á sínum tíma fékkst greitt frá uppboðsrétti Reykjavíkur. Handhöfn hennar að bréfinu sé eðlilegt framhald þess, að stefnandi gaf henni bréfið og sagði, að hún mætti reyna að gera úr því fé og eiga.

Á því er byggt, að sönnunarbyrðin fyrir því, að stefnda sé ekki eigandi bréfsins og andvirðis þess, hvíli á stefnanda, þar sem stefnda muni sanna það, að hún og stefnandi fóru saman með bréfið til bankastjóra Búnaðarbankans á Egilsstöðum. Stefnda heldur því fram, að eftir þau tímamörk hafi bréfið komist í sína vörslu með fullri vitneskju stefnanda. Til stuðnings kröfum sínum vísar stefnda til almennra reglna kröfuréttar, til reglna um handhöfn handhafabréfa og til meginreglna eignaréttar.

#### *Álit réttarins.*

Ómótmælt er í máli þessu, að skuldabréf það, sem um er deilt, fékk stefnandi sem greiðslu á eftirstöðvum kaupverðs fasteignarinnar að Jóruseli 15, Reykjavík, sem hann hafi selt. Skuldabréfið fékk hann sent í ábyrgðarbréfi frá Alþýðubanka Íslands h/f í pósthólf Bjarna Ó, Pálssonar nr. 52 á pósthúsinu á Egilsstöðum.

Stefnda í máli þessu sótti umrætt ábyrgðarbréf og kvittaði fyrir móttöku þess 15. febrúar 1990 og segist sjálf áður hafa afhent stefnanda tilkynningu um ábyrgðarbréfið, og hafi stefnandi beðið sig að sækja bréfið á pósthúsið. Stefndi segist hins vegar aldrei hafa fengið tilkynningu um ábyrgðarbréfið, og ekki hafi hann heldur beðið stefndu að sækja bréfið. Stefndi segir, að hann hafi gefið Bjarna Ó. Pálssyni leyfi til að sækja póst sinn í pósthólf, en ekki stefndu, en þó hafi hann haft grun um, að stefnda muni stundum hafa sótt póstinn í umrætt pósthólf. Hann hafi þó ekki vitað þetta fyrir vís.

Daginn eftir fóru stefnandi og stefnda á fund með bankastjóra Búnaðarbankans á Egilsstöðum, Sigurjóni Jónassyni, og höfðu þau meðferðis umrætt skuldabréf. Hefur stefnandi viðurkennt að hafa fengið skuldabréfið í sínar hendur, áður en eða um leið og þau fóru á þennan fund. Á þessum fundi með bankastjóranum var rætt um fyrirhuguð fasteignakaup stefn-

anda í Fellabæ og bankastjórinn spurður, hvort bankinn vildi kaupa skuldabréfið. Bankastjórinn vildi ekki kaupa bréfið, en mun hafa ráðlagt að setja bréfið í innheimtu hjá lögfræðingi.

Í vitnisburði Sigurjóns bankastjóra fyrir réttinum kemur fram, að enginn vafi hafi verið í hans huga á því, að stefnandi hafi verið sá, sem átti skuldabréfið, og fram hafi komið hjá stefnanda, að hann héldi, að skuldabréfið væri í raun gott, þ. e., að veðið ætti að fullnægja greiðslu á því. Sigurjón segir, að fram hafi komið hjá stefnanda, að hann væri ekki í aðstöðu til að kaupa hús og hafa það á sínu nafni, en til stæði, að hann keypti hús, en stefnda yrði skráður eigandi þess. Vitnið segir enn fremur, að stefnandi hafi ekki verið búinn að gefa húskaup upp á bátinn, þó að bankinn hafi ekki viljað kaupa skuldabréfið.

Stefnda hefur haldið því fram, að þar sem stefnandi hafi verið að reyna að selja skuldabréfið, hafi hann að sjálfsögðu sagt bankastjóranum, að það væri gott og tryggt.

Eftir fundinn með bankastjóranum, segir stefnda, að hún og stefnandi hafi farið að Hamrafelli 3, þar sem stefnandi bjó ásamt Bjarna Ó. Pálssyni, og þau tvö ásamt nefndum Bjarna rætt saman. Hafi stefnandi þar sagt, að hann teldi ekkert hægt að fá úr þessu skuldabréfi og að stefnda mætti eiga bréfið, ef hún héldi, að hún gæti gert sér einhvern pening úr því. Bjarni Ó. Pálsson staðfestir þessa frásögn stefndu, en það veikir hins vegar vitnisburð hans, að hann er nú samþýlismaður stefndu og var góður vinur hennar, þegar þessir atburðir gerðust. Vitnið Arnfinnur Jónsson verkamaður og samstarfsmaður stefnanda á þessum tíma hefur borið fyrir réttinum, að hann hafi talið, að stefnda og Bjarni Ó. Pálsson hafi verið saman fyrri hluta ársins 1990, þ. e. á þeim tíma, er umræddir atburðir urðu.

Stefnandi þvertukur hins vegar fyrir að hafa nokkurn tíma sagt, að stefnda mætti eiga skuldabréfið. Hins vegar segist hann hafa beðið Bjarna Ó. Pálsson að setja það í innheimtu fyrir sig. Vitnið Bjarni Ó. Pálsson kannast hins vegar ekki við, að stefnandi hafi beðið sig að fara með skuldabréfið í innheimtu.

Síðar þennan sama dag, þ. e. 16. febrúar 1990, fór stefnda með skuldabréfið til Bjarna Björgvinssonar hdl. á Egilsstöðum og setti það í innheimtu, eins og það væri sín eign. Innheimtan gekk vel hjá lögmanninum, og lýsti hann kröfu í uppboðsandvirði hinnar veðsettu eignar og fékk greitt að fullu 13. ágúst 1990, og 14. ágúst 1990 lagði lögmaðurinn andvirði skuldabréfsins ásamt dráttarvöxtum til 3. júlí 1990 inn á reikning stefndu. Ekki tilkynnti stefnda stefnanda, að hún hefði fengið andvirði bréfsins greitt, enda hefur hún haldið því fram, að hún hafi talið sig vera eiganda bréfsins og auk þess ekki vitað um dvalarstað stefnanda.

Stefnandi hefur haldið því fram, að hann hafi reynt að komast að því,

hver afdrif bréfsins hafi orðið, og hafi hann í því skyni hringt til Bjarna Ó. Pálssonar. Í annað skiptið mun dóttir stefndu hafa svarað, en hann fékk samband við Bjarna sjálfan í hitt skiptið. Þessi símtöl staðfestu bæði stefnda og Bjarna Ó. Pálsson fyrir réttinum, og telur stefnda, að símtöl þessi hafi farið fram, áður en hún fékk greitt andvirði skuldabréfsins.

Eins og áður segir, er því ómótmælt, að stefnandi máls þessa mun hafa átt hið umrædda skuldabréf, þegar það var sent til Egilsstaða. Einnig þykir mega líta svo á, að þegar stefnandi og stefnda komu á fund bankastjóra Búnaðarbankans á Egilsstöðum, hafi bréfið ennþá verið í eigu stefnanda.

Stefnda heldur því síðan fram, að stefnandi hafi gefið sér skuldabréfið strax eftir fundinn með bankastjóranum, og þetta staðfestir vitnisburður Bjarna Ó. Pálssonar, sambýlismanns stefndu. Stefnandi hefur algerlega mótmælt því, að slíkt gjafaafsal hafi átt sér stað.

Gegn mótmælum stefnanda og með tilliti til vitnisburðar Sigurjóns bankastjóra, sem staðfestir, að stefnandi hafi sagt sér, að bréfið væri gott og veðið nægileg trygging, og þrátt fyrir vitnisburð sambýlismanns stefndu þykir það ekki hafa verið gert sennilegt, að stefnandi hafi gefið stefndu skuldabréfið. Þykir réttinum eðlilegt, að stefnda beri sönnunarbyrði fyrir þeirri staðhæfingu sinni, að sér hafi verið gefið skuldabréfið. Þessi sönnun þykir ekki hafa tekist hjá stefndu, og verður því að líta svo á, að stefnandi hafi áfram verið réttur eigandi skuldabréfsins og sé það ennþá.

Tómlæti stefnanda þykir ekki hafa valdið honum réttarspjöllum.

Samkvæmt þessu ber stefndu að greiða stefnanda 434.823 kr. með dráttarvöxtum skv. auglýsingu Seðlabanka Íslands frá 14. ágúst 1990 til greiðsludags. Dráttarvexti skal leggja við höfuðstól á tólf mánaða fresti, í fyrsta sinn 14. ágúst 1991. Stefnda greiði stefnanda málskostnað, sem telst hæfilega ákveðinn 180.000 kr., þar með talinn virðisaukaskattur, og beri málskostnaðurinn dráttarvexti frá 15. degi eftir dómsuppsögu.

Dóm þennan kvað upp Helgi Jenson, fulltrúi sýslumannsins í Norður-Múlasýslu.

#### D ó m s o r ð :

Stefnda greiði stefnanda 434.823 kr. með dráttarvöxtum skv. auglýsingu Seðlabanka Íslands frá 14. ágúst 1990 til greiðsludags, og skulu þeir lagðir við höfuðstól á tólf mánaða fresti, í fyrsta sinn 14. ágúst 1991. Stefnda greiði stefnanda 180.000 kr. í málskostnað, þar með talinn virðisaukaskattur, og beri málskostnaður dráttarvexti frá 15. degi eftir dómsuppsögu til greiðsludags. Allt þetta skal stefnda greiða innan fimmtán daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.